



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

BARÁTTAN GEGN FÍKNIEFNUM Í EVRÓPU

—

ÞRÓUN VISTVÆNNAR UMFERÐAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag taka þátt í samráðsfundi evrópskra borga sem sameinast hafa í baráttunni gegn fíkniefnum. Fundurinn er haldinn í Stokkhólmi. Forseti mun sérstaklega ræða hvernig unnt er að virkja fjöldasamtök og fræðasamfélag til að styrkja árangursríka baráttu gegn þeirri vaxandi fíkniefnavá sem steðjar að ungmennum í Evrópu. Forsetinn er sérstakur verndari átaksins Ungmenni í Evrópu – Gegn fíkniefnum sem tíu evrópskar borgir taka þátt í á næstu fimm árum.

Síðdegis í dag mun forseti Íslands einnig eiga viðræður við athafnamenn sem vinna að þróun vistvænna orkugjafa, einkum með tilliti til að þróa bifreiðar sem knúnar eru vistvænni orku. Vaxandi umferð í veröldinni, einkum vegna batnandi efnahags þjóða í Asíu, felur í sér verulegar hættur á loftslagsbreytingum á komandi áratugum.

28. apríl 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).